

Minnisblað um störf eftirlitsnefndar árið 2009

Skipan eftirlitsnefndar

Samkvæmt VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og reglugerð um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 374/2001 skipar ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála þriggja manna eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Einn nefndarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en tveir án tilnefningar.

Á árinu 2009 var nefndin þannig skipuð:

Sævar Sigurgeirsson löggiltur. endurskoðandi, formaður til 30. apríl 2009.

Ólafur Nílsson löggiltur. endurskoðandi, formaður frá 1. maí 2009.

Hafðís Karlsdóttir fjármálastjóri.

Þórður Skúlason fyrrverandi framkvæmdastjóri. Tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Varamenn í sömu röð eru:

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri.

Halldór V. Kristjánsson sérfræðingur.

Guðmunur Friðrik Sigurðsson löggiltur endurskoðandi. Tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Frá 18. mars 2009 hefur Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Starfsmaður nefndarinnar var Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur.

Almennt um starf eftirlitsnefndar

Hlutverk eftirlitsnefndar er að fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og að hafa eftirlit með því að fjárstjórn sveitarfélaga sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Til stuðnings í störfum sínum hefur nefndin sett sér ákveðin viðmið og lykiltölur, fyrst og fremst um hlutfall framlegðar og skuldsetningar af tekjum sveitarfélaga, auk þess sem tillit er tekið til fleiri þátta svo sem peningalegrar stöðu, veltufjárhlutfalls og fjölmargra annarra atriða. Á síðari hluta ársins fór fram töluverð umræða um viðmið og lykiltölur á fundum nefndarinnar og m.a. fengnir utanað komandi aðilar til að ræða þau mál sérstaklega.

Venju samkvæmt tók nefndin fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir komandi ár, þ.e. árið 2010, auk þriggja ára áætlana og ársreikninga sveitarfélaganna fyrir næst liðið ár, þ.e. árið 2008 til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar jafnframt því sem ársreikningar fyrri ára voru hafðir til hliðsjónar. Í þeim tilvikum þar sem fjárhagsáætlanir voru afgreiddar með

neikvæðri rekstrarniðurstöðu voru greinargerðir hlutaðeigandi sveitarfélaga einnig teknar til umfjöllunar.

Á árinu 2008 voru 37 sveitarsjóðir reknir með halla og í fjárhagsáætlunum ársins 2009 kom fram að 20 sveitarsjóðir yrðu með neikvæða rekstrarniðurstöðu á því ári.

Í þeim tilvikum sem nefndinni þótti ástæða til í ljósi niðurstöðu lykiltalna og viðmiðana skrifaði nefndin hlutaðeigandi sveitarfélögum bréf þar sem ýmist var látið í ljósi álit á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og settar fram ákveðnar viðvaranir og/eða óskað frekari upplýsinga.

Á fyrri hluta ársins sendi nefndin 7 sveitarfélögum bréf vegna niðurstöðu fjárhagsáætlana 2009 og á síðari hluta ársins var 9 sveitarfélögum skrifað vegna niðurstöðu ársreikninga 2008. Starfsmaður nefndarinnar hafði samband við starfsmenn hlutaðeigandi sveitarfélaga og fulltrúar 5 sveitarfélaga komu á fundi nefndarinnar á árinu. Í desember 2008 var haldinn fundur á Álftanesi með fulltrúum sveitarfélagsins.

Þeim sveitarfélögum sem sent höfðu eftirlitsnefndinni bréf, með útskýringum, gögnum og öðrum upplýsingum, var öllum svarað af nefndinni ýmist með þeirri niðurstöðu að nefndin aðhefðist ekkert frekar og/eða að áfram yrði fylgst með þróun fjármála sveitarfélagsins.

Á árinu 2008 hélt eftirlitsnefndin 30 fundi.

Samningar

Eftirlitsnefnd og starfsmaður nefndarinnar höfðu á árinu eftirlit með framgangi samnings við Bolungarvíkurkaupstað um framgang fjárhagslegra aðgerða sveitarfélagsins en samningurinn var gerður á árinu 2008.

Í desember 2009 var gerður hliðstæður samningur við sveitarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness.

Umræddir samningar eru byggðir á 17. grein reglugerðar um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 374/2001 með síðari breytingum.

Greiðsluþrot

Í framhaldi af bréflægum samskiptum og fundum með fulltrúum Sveitarfélagsins Álftaness var Garðar Jónsson, ráðgjafi hjá 3R fenginn til að gera úttekt á fjármálum sveitarfélagsins. Þann 3. desember leggur hann fram skýrslu fyrir nefndina með þeirri meginniðurstöðu að sveitarfélagið væri komið í greiðsluþrot. Í aðdraganda skýrslugerðarinnar og að henni fenginni átti eftirlitsnefndin nokkra fundi með fulltrúum sveitarfélagsins og kynnti alvarleika fjárhagsstöðu þess sérstaklega fyrir fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og ráðherra þess ráðuneytis á sérstökum fundum. Um miðjan desember kemur eftirlitsnefndin að þeirri ákvörðun að veita

sveitarfélaginu fyrirframgreiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að leysa úr brýnustu greiðsluþörf þess. Samhliða var þá gerður sérstakur samningur milli eftirlitsnefndar og sveitarstjórnar Álftaness.

Ýmis mál

Þörf endurskoðunar á reglugerð um eftirlit með sveitarfélögum var rætt á nokkrum fundum nefndarinnar og ákveðið að safna gögnum um fyrirkomulag eftirlits og heimilda til skuldbindinga sveitarfélaga hjá öðrum þjóðum svo sem í Noregi, Danmörku og víðar.

Slæleg skil sveitarfélaganna á fjárhagsáætlunum, þriggja ára áætlunum og ársreikningum voru líka rædd en í ýmsum tilvikum fær nefndin ekki umrædd gögn til umfjöllunar fyrr en löngu eftir lögbundna skilafresti.

Eftir því sem mögulegt reyndist var orðið við ósk samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um að eftirlitsnefndin láti ráðuneytinu í té upplýsingar um fjármál sveitarfélaga á þriggja mánaða fresti

Fjárheimildir eftirlitsnefndar voru einnig til umfjöllunar á fundum nefndarinnar og rædd við fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og ráðherra þess ráðuneytis. Á árinu 2009 hafði eftirlitsnefndin enga fjármuni til ráðstöfunar, svo sem til að gera sérstakar úttektir á fjármálum einstakra sveitarfélaga. Áður hafði nefndin haft sérstaka fjárheimild á fjárlögum hvers árs en kostnaður við störf nefndarinnar á að greiðast úr ríkissjóði.